

Sjálfsmatsskýrsla 2017 – 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu	3
1.2	Almenn stefna og markmið	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans	4
2.1	Matsfundir með nýnemum	5
2.2	Matsfundir, mat á kennslu haust 2017	5
2.3	Kennslukönnun, mat á kennslu vor 2018	6
2.4	Viðhorfskönnun	6
2.5	Mat á árangri jafnréttisáætlunar	9
2.6	Könnun á líðan starfsfólks	11
2.7	Brotthvarf	11
2.7.1	Brotthvarfsskimun - könnun á brotthvarfshættu	12
2.7.2	Formleg skráning brotthvarfs	12
2.7.3	Brotthvarfsstyrkur	13
2.8	Húsfundur	14
2.9	GDPR.....	14
3	Tölulegar upplýsingar	15
4	Aðgerðir til úrbóta	16

1 Inngangur

1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugum félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

1.3 Starfsfólk

Á skólaárinu 2017-2018 voru starfsmenn 37 í 33 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða um 85% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

Starfsfólk	H2016	V2017	H2017	V2018
Stjórnendur	2	2	2	2
Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu	6	6	6	6
Kennarar	30	30	27	27
Stuðningsfulltrúar	2	2	2	2
Mötuneyti	2	2		
Alls:	42	42	37	37

Tafla 1 fjöldi starfsfólks

2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008)

<http://www.fmos.is/skolinn/sjalfsmat/sjalfsmatskerfi-fmos/> og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og þrír kennarar sem kosnir eru á kennarafundi til tveggja ára í senn. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber hópurinn ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Sjálfsmatsáætlun árána 2016-2019 má sjá á vef skólans <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>

2.1 Matsfundir með nýnemum

Á haustönn 2017 (23.10.2017) fóru stjórnendur á matsfundi með öllum nýnemum fæddum árið 2001 (56). Spurt var um líðan þeirra í skólanum og af þeim 48 sem svöruðu sögðu 45 að þeim liði vel, 2 sæmilega og 1 sagðist ekki vilja vera í FMOS. Þegar spurt var um upplýsingar sem nemendur fengu í upphafi haustannar kom m.a. fram að það þarf að útskýra betur fyrir nemendum hvernig maður nálgast Íslykilinn, fara betur yfir stofuskipan og kenna nemendum að rata um skólann. Kennarar mættu fara betur yfir Innu í fyrstu tímunum og gott ef stærðfræðikennarar myndu líka nota í Innu. Þeim fannst eitthvað þurfa að gera fyrir þá sem mættu ekki á nýnemakynninguna. Í lokin var nemendum boðið að tala um annað sem þeim lægi á hjarta og þá kom félagslíf skólans til tals. Nemendur óska eftir fleiri böllum og að viðburðir séu auglýstir á öðrum stöðum en Facebook t.d. nota veggspjöld og að ganga í stofur. Hafa mætti viðburði í samstarfi við aðra skóla. Rætt var um að þau upplifa að ekki séu allir velkomnir í nemendarámið. Þeim þótti óljóst hvernig nýnemar komast að í hlutverk í nemendaráði.

2.2 Matsfundir, mat á kennslu haust 2017

Matsfundir voru haldnir á haustönn 2017 hjá um það bil þriðjungi kennara, í tæplega 30 hópum. Matið var í formi funda þar sem stjórnendur hittu nemendahópa og gáfu þeim tækifæri til að tjá sig um jákvæðar hliðar kennslunnar og kallað var eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður voru skráðar og hver kennari fékk niðurstöðurnar afhentar og þær ræddar á fundi með stjórnendum.

Matsfundirnir gefa ítarlegar upplýsingar um skólastarfið og þar sem matið fer fram í samræðuformi eru stjórnendur í nánari tengslum við nemendur. Reynslan af þessari aðferð samanborið við spurningarlista er að skoðanir nemenda á skólastarfinu verða skýrari og auðveldara er að bregðast við því sem þeir benda á. Þær ábendingar sem komu fram voru ræddar einslega við hvern kennara fyrir sig og leiðir til úrbóta ákveðnar í sameiningu.

Í lok hvers fundar fá nemendur tækifæri til að koma með hugmyndir og ábendingar um annað sem þeim finnst skipta máli í skólastarfinu. Nemendur lýsa almennt mikilli ánægju með störf kennara og það skiptir ótrúlega miklu máli fyrir nemendur að kennarar sýni áhuga á efninu. Nemendum finnst vanta 3ja þreps áfanga t.d. á íþróttasviði og það mætti bæta við

fleiri áföngum sem eru ekki hreinir bóklegir áfangar. Nemendur lýstu ánægju með að verkefnatímarnir væru komnir aftur í stundatöfluna. Almennt finnst nemendum verkefni mjög mörg sem hefur jafnvel þau áhrif að nemendur þurfa að forgangsraða verkefnum. Nokkuð var talað um umsagnir, sumir kennarar gefi fáar umsagnir og skili þeim jafnvel seint og þá nýtist umsögnin ekki í næsta verkefni. Nemendur upplifa þess vegna að þeir viti ekki alltaf hvar þeir standa í náminu. Sú ósk kom fram að skólinn myndi byrja kl. 10 á mánudögum. Óskað var eftir því að hafragrautur stæði nemendum til boða í mötuneytinu. Nemendur eru ekki ánægðir með mötuneytið, finnst verðið of hátt og lögðu til að maturinn væri einfaldari og þá ódýrari.

2.3 Kennslukönnun, mat á kennslu vor 2018

Á vorönn 2018 var ákveðið að breyta mati á kennslu þannig að í stað matsfunda yrði lögð fyrir kennslukönnun á rafrænu formi. Svarhlutfall var 75%. Könnunin var lögð fyrir 26 hópa hjá 9 kennurum í lok apríl. Þegar kennslu annarinnar var lokið funduðu stjórnendur með hverjum kennara fyrir sig og skoðuðu niðurstöður könnunarinnar.

Eftirfarandi spurningar voru í könnuninni og var svarað á skalanum 1-5

1. Mér líður vel í áfanganum
2. Ég er sátt/sáttur við framkomu kennarans
3. Kennarinn skilar verkefnum/prófum fljótt til baka
4. Kennarinn er stundvís
5. Skipulagið er gott hjá kennaranum
6. Kennarinn er hvetjandi
7. Kennarinn er sanngjarn
8. Kennarinn kveikir áhuga minn á námsefninu
9. Það er góður vinnuandi í áfanganum
10. Kennsluaðferðirnar eru fjölbreyttar
11. Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel
12. Kennarinn útskýrir vel
13. Kennarinn fylgir kennsluáætlun og lætur mig vita ef breytingar verða
14. Ég get haft áhrif á námsefni/námsmat áfangans

Almennt voru niðurstöður jákvæðar og ánægja með þetta nýja fyrirkomulag bæði á meðal kennara og stjórnenda.


2.4 Viðhorfskönnun

Á haustönn 2017 var gerð viðhorfskönnun meðal nemenda og var svarhlutfallið 53%. Spurt var um líðan, kennsluaðferðir, námsmat, vinnuálag, viðhorf til skólans o.fl. Könnunin var blanda af opnum og lokuðum spurningum og var hluti spurninganna þær sömu og í fyrri könnunum

og aðrar nýjar. Niðurstöður síðustu anna eru með til samanburðar þar sem það á við. Á myndum 1-4 má sjá niðurstöður úr lokuðu spurningunum og í töflu 2 má sjá samantekt á opnu spurningunum. Í lok könnunarinnar var nemendum boðið að nefna annað sem þeir vildu koma á framfæri og þar kom m.a. fram hvað verkefnatímarnir eru mikilvægir, ósk um að sleppa mætingarskyldu í tíma, þörf á meiri aðstoð fyrir þá sem glíma við andleg veikindi o.fl.


Hvernig líður þér í skólanum?

Mynd 1 Líðan nemenda




Vinnuálagið í skólanum er...

Mynd 2 vinnuálag



Ég er ánægð/ur með að vera í FMOS

Mynd 3 ánægja með að vera í FMOS



Spurningar	Svör
Hvernig myndir þú lýsa kennsluáðferðum FMOS?	Flestir svara „góðar“ eða „frábærar“ og margir svara „ágætari“ eða „nokkuð góðar“ Veit ekki (2), mismunandi eftir kennurum (2), skrítnar (1), illa (2)
Hvernig nýtir þú umsagnir sem þú færð fyrir verkefni?	Mjög vel (13), vel (42), mismunandi (3), lítið (14), til að bæta mig (60), finnst ég ekki fá nóg af umsögnum (5) gleymi þeim (3), veit ekki (3), væri til í einkunnir (2), tek þær mjög persónulega (2)
Hvernig talar þú um skólann þinn?	Besti skólinn (9), mjög vel (44), vel (86), ágætlega (7), tala sjaldan um hann (18), lítið félagslíf (4), sæmilega (2), illa (5)
Hvaða álit heldur þú að fólk hafi almennt á FMOS?	Mjög jákvætt (5), jákvætt (47), tossaskóli (44), lúðaskóli fyrir skrítið fólk (6), skóli með lélegt félagslíf (10), misjafnt (9), neikvætt (12), fáir þekki hann (5), veit ekki (11), viðhorfið að breytast, ekki lengur tossaskóli (6)


Tafla 2 opnar spurningar

2.5 Mat á árangri jafnréttisáætlunar

Jafnréttisfulltrúar skólans mættu á fund hjá sjálfsmatshópi til að fara yfir jafnréttisáætlun skólans og koma með tillögur að því hvernig leggja mætti mat á árangur jafnréttisáætlunarinnar. Ákveðið var að setja fjóra spurningar inn í viðhorfskönnun nemenda. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 4-8.


Spurt var: Jafnréttisumræða er mjög mikilvæg í samfélaginu. Finnst þér námsefnið vera í samræmi við það?

Mynd 4 námsefni




Jafnréttisumræða er mjög mikilvæg í samfélaginu. Finnst þér kennslan í FMOS vera í samræmi við það?

Mynd 5 kennslan




Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu skólafélaga?

Mynd 6 kynferðisleg áreitni




Ef já, tilkynntir þú áreitnina?

Mynd 7 kynferðisleg áreitni



Finnt þér kennararnir í FMOS almennt koma eins fram við alla nemendur?

Mynd 8 framkoma við nemendur




2.6 Könnun á líðan starfsfólks

Á haustönn 2017 fékk sjálfsmatshópur ósk um að lögð yrði fyrir könnun um líðan starfsfólks. Könnunin var lögð fyrir í lok október 2017 og niðurstöðurnar voru kynntar á kennarafundi í nóvember. Sambærileg könnun var lögð fyrir árið 2015 og ýmislegt sem kom verr út í þessari könnun en í þeirri fyrri. Færri segja að vinnustaðurinn sé mjög góður bæði faglega og félagslega og færri telja starfsandann góðan en í fyrri könnun. Aðbúnaður þykir frekar góður og flestir telja vinnuálagið vera frekar mikið eða hæfilegt. Það er mat sjálfsmatshópsins að nauðsynlegt sé að leggja svona kannanir reglulega fyrir en mikilvægt sé að fá aðila utan skólans til að sjá um það.

2.7 Brotthvarf

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að minnka brotthvarf og það lækki á milli ára. Eins og fram kom í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2016-2017 var aðferðinni við að reikna út brotthvarf breytt og sýna brotthvarfstölur í mynd 9 hér fyrir neðan yfirlit yfir þann fjölda nemenda sem hvarf frá námi frá hausti 2016.

Mynd 9 brotthvarf 2016-2018



2.7.1 Brotthvarfsskimun - könnun á brotthvarfshættu

Á haustönn var lagt fyrir skimunarpróf fyrir nemendur fædda árið 2001. Skimunarprófinu er ætlað að finna nemendur sem eru í brotthvarfshættu. Sá fjöldi nemenda sem taldist í brotthvarfshættu var 15, þeim var öllum boðið viðtöl hjá náms- og starfsrágjöfum. Eftir haustönnina voru fjórir af þeim nemendum sem töldust í brotthvarfshættu á samning vegna ástundunar og þrír nemendur hættir námi. Fimm af þeim nemendum sem mældust í áhættuhóp luku 80% eða meira af skráðum einingum.

Skimunarpróf	Á samning	Ekki á samning	Hætt/ur
Komu út í áhættu	4	8	3
Komu ekki út í áhættu	2	34	0
Tóku ekki skimunarprófið	1	3	0

Tafla 3 skimunarpróf

2.7.2 Formleg skráning brotthvarfs

Undanfarin ár hefur farið fram formleg skráning á ástæðum brotthvarfs nemenda úr skólanum. Niðurstöður úr þeirri skráningu má sjá í töflu 4.

Ástæður brotthvarfs	Haust 2017		Vor 2018	
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	4	10%	3	7,7%
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður				
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	2	5%	3	7,7%
Nám of erfitt	1	2,6%	2	5,1%
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				
Einelti				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	9	23,2%	22	56,4%
Veikindi barna				
Fór í annan skóla				
Líkamleg veikindi	1	2,6%		
Persónulegar ástæður				
Neysla/meðferð	1	2,6%		
Andleg veikindi	7	18%	3	7,7%
Annað	14	36%	6	15,4%
Samtals	39	100%	39	100%

Tafía 4 ástæður brotthvarfs

2.7.3 Brotthvarfsstyrkur

Árið 2017 fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, til aðgerða gegn brotthvarfi. Styrknum er ætlað að styðja við nýjar hugmyndir í aðgerðum gegn brotthvarfi.

Á hverju hausti innritar Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ 16-20 nemendur sem eru mjög illa staddir í námi. Þessir nemendur eru gjarnan annað hvort með D í einkunn úr grunnskóla í 2-3 kjarnagreinum eða með stjörnumerktar einkunnir og hafa þá ekki lokið námsefni

grunnskólans að fullu. Til að styðja betur við þennan hóp var útbúið sérstakst stuðningskerfi veturinn 2017-2018 þar sem haldið var betur utan um nemendur.

Nemendur voru skráðir á almenna námsbraut í bóknám og áfanga í listum og íþróttum. Þessu til viðbótar voru nemendur skráðir í sérstakan áfanga sem við köllum framhaldsskólaáfanga, FRAM1FS05. Þrír kennarar kenndu í áfanganum, íþróttá- og lýðheilsukennari, raungreinakennari og heimspeki- og kvikmyndafærðikennari. Mest áhersla var lögð á að styrkja sjálfsmynd þeirra og efla þá á þeim sviðum sem best nýtast í námi, t.d. í sjálfstrausti, seiglu, hugrekki og samskiptahæfni. 15 nemendur byrjuðu í FRAM áfanganum og 11 nemendur voru ennþá í skólanum í lok vorannar. Námsárangur þeirra er mjög misjafn, nokkrir náðu ágætum árangri og luku 20-50 einingum samtals yfir veturinn, en aðrir náðu litlum sem engum árangri í náminu og luku mjög fáum einingum.

2.8 Húsfundur

Í apríl 2018 var haldinn húsfundur í skólanum þar sem allir nemendur og starfsmenn eru boðaðir. Rætt var um hvort og þá hvernig sálfræðipjónusta ætti að vera í skólanum. Nemendum var skipt upp í hópa og voru þeir beðnir um að svara því hvort þeir teldu nauðsynlegt að bjóða upp á þjónustu sálfræðings, hvort sú þjónusta ætti að vera innan skólans eða utan og hvers konar þjónustu ætti að bjóða upp á. Niðurstaða hópsins var mjög afgerandi og töldu nemendur nauðsynlegt að bjóða upp á sálfræðipjónustu í skólanum og bæði í formi einstaklingsviðtala og námskeiða.

2.9 GDPR

Á vorönn 2018 var ákveðið að fá sjálfsmatshópin til að taka að sér vinnu við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar (GDPR). Verkefnið er stórt og því var ekki hægt að framkvæma allt sem var á áætlun sjálfsmatshóps á vorönninni. Á vorönninni var hafist handa við að skrá niður verkferla varðandi vinnslur þar sem unnið er með persónugreinanleg gögn.

3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2016	V2017	H2017	V2018
KK	184	165	172	165
KVK	191	168	174	149

Tafla 5 skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2016	V2017	H2017	V2018
1956-1980	1	1	0	0
1981-1990	5	3	1	3
1991	1	0	0	1
1992	4	1	1	1
1993	9	6	5	6
1994	9	8	9	12
1995	14	16	12	6
1996	33	22	17	16
1997	59	48	39	29
1998	78	76	64	41
1999	86	77	74	71
2000	75	72	64	68
2001	1	3	60	60
Alls:	375	333	346	314

Tafla 6 skipting nemenda eftir fæðingarári

Heiti brautar	H2016	V2017	H2017	V2018
Almenn námsbraut	71	53	70	65
Félags- og hugvísindabraut	60	57	57	48
Hestabraut	17	16	15	11

Listabraut	18	16	14	11
Íþrótt- og lýðheilsabraut	19	16	16	10
Náttúruvísindabraut	68	51	33	32
Opin stúdentsbraut	107	110	125	122
Sérnámsbraut	15	14	16	15
Alls	375	333	346	314

Tafla 7 skipting nemenda eftir brautum

Póstnúmer	H2016	V2017	H2017	V2018
101-109	28	23	23	27
110-113	105	99	103	91
116	29	22	16	10
270-276	187	170	168	145
300	11	8	10	9
Annað	15	11	26	32
Samtals	375	333	346	314

Tafla 8 skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

Brautskráningar	H2016	V2017	H2017	V2018
	23	33	36	40

Tafla 9 brautskráningar

4 Aðgerðir til úrbóta

- **Matsfundir með nýnemum**

Á fundum með nýnemum komu fram ýmsar hugmyndir um það sem betur mátti fara varðandi skipulag á kynningu nýnema, betri upplýsingar um Íslykil, meiri kennsla á Innu o.fl.

Markmið: Senda nemendum upplýsingar um Íslykil/rafræn skilríki fyrir kynningarfund fyrir nýnema. Leggja áherslu á það við alla kennara að fara yfir helstu atriði varðandi Innu í fyrstu tímunum.

Ábyrgðamenn: Stjórnendur

- **Matsfundir, mat á kennslu haust 2017**

Ekki hefur gengið jafn vel og áður að virkja nemendur á matsfundum og ákvað sjálfsmatshópurinn því að fara aðra leið í kennslumati á vorönn.

Markmið: Leggja kennslumat áfanga fyrir í Innu á vorönn 2018 og endurmeta síðan hvernig matið verði í framhaldinu.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Kennslukönnun, mat á kennslu vor 2018**

Þátttaka í kennslukönnun í Innu var góð og kennarar sem tóku þátt í matinu voru ánægðir með fyrirkomulagið.

Markmið: Leggja kennslukönnun aftur fyrir í sama formi og meta síðan kosti og galla þessa tveggja leiða sem farnar hafa verið.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur

- **Viðhorfskönnun**

Svarhlutfallið í könnuninni er aðeins lægra en í síðustu könnun þrátt fyrir að sjálfsmatshópur hafi farið í ýmsar aðgerðir til að reyna að bæta þátttöku.

Markmið: Halda áfram að finna leiðir til að auka svarhlutfallið.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Mat á árangri jafnréttisáætlunar**

Lagt var mat á árangur jafnréttisáætlunar ásamt jafnréttisfulltrúum skólans og voru bæði nemendur og kennarar þátttakendur í því mati.

Markmið: Leggja mat á jafnréttisáætlun á hverju ári.

Ábyrgðarmenn: Jafnréttisfulltrúar og sjálfsmatshópur.

- **Könnun á líðan starfsfólks**

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að þörf var á umræðu um samskipti og á vorönn 2018 var fenginn sálfræðingur til að koma og halda fyrirlestur.

Markmið: Fá aðila utan skólans til að leggja fyrir næstu könnun um líðan starfsfólks.

Ábyrgðaraðilar: Sjálfsmatshópur

- **Brotthvarf**

Síðustu annir hefur brotthvarfið verið á bilinu 11,3-12,3%

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf enn frekar.

Ábyrgðarmenn: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar.

- **Húsfundur**

Mikil þátttaka var á húsfundi og reynist þessi vettvangur vel til að ná til nemenda.

Þegar hefur verið brugðist því óskum nemenda frá síðasta húsfundi varðandi þjónustu sálfræðings.

Markmið: Virkja nemendur í undirbúningi húsfundar.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Inga Þóra Ingadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Kolbrún Ósk Jónsdóttir, kennari á sérnámsbraut og í félagsfræði

Sigrún Theódóra Steinþórsdóttir, listgreinakennari

Tinna Sigurjónsdóttir, stærðfræðikennari